



# SNÆFELLSBÆR

Þar sem jökullinn ber við loft...

**Matvælaráðuneytið**  
**b.t. Jóns Þróns Stefánssonar**  
**Borgartúni 26**  
**105 Reykjavík**

**Snæfellsbær, 22. desember 2022**

Tilv. bréfs 36504

Á fundi bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, þann 22. desember 2022, var tekið fyrir bréf ráðuneytisins, dags. 12. desember 2022, varðandi úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga fiskveiðiárið 2022/2023.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkti samhljóða að óska eftir því að fyrir Snæfellsbæ (Arnarstapa, Hellissand, Rif og Ólafsvík) gildi sömu reglur og giltu fyrir fiskveiðiárið 2021/2022, skv. reglugerð frá 3. maí 2022 um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2021/2022.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar óskar eftir því að ákvæði reglugerðar nr. 1370/2022 gildi um úthlutun byggðakvóta Arnarstapa, Hellissands, Ólafsvíkur og Rifs með eftirfarandi breytingum::

- a) Í 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist „í þorskígildum talið innan viðkomandi byggðarlags“ og verður: í þorskígildum talið innan viðkomandi sveitarfélags.
- b) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2022 til 31. ágúst 2023

Rök bæjarstjórn Snæfellsbæjar fyrir þessum breytingum er sú staðreynd að á Arnarstapa og á Hellissandi eru ekki reknar fiskvinnslur og því er ekki hægt að landa afla til vinnslu á þeim stöðum.

Ef ráðuneytið verður við þessum óskum, þá mun byggðakvótinn nýtast innan sveitarfélagsins, en það skiptir miklu máli fyrir Snæfellsbæ að geta nýtt úthlutaðan byggðakvóta.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt  
f.h. bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

